Fréttatilkynning
27 May 2024 15:39:00 GMT

# Íslandsbanki hf.: Tilkynning um nýtingu innköllunarheimildar til eiganda víkjandi skuldabréfa að fjárhæð SEK 500,000,000, sem telja til eiginfjárþáttar 2 (e. Tier 2) - ISIN: XS2017804548

Kópavogur, 27. maí 2024

Íslandsbanki hf. ("útgefandi") tilkynnir hér með öllum eigendum eftirfarandi skuldabréfa útgefanda: víkjandi skuldabréf að fjárhæð SEK 500,000,000, sem telja til eiginfjárþáttar 2 (e. Tier 2), á gjalddaga í júní 2029 með ISIN: XS2017804548 ("skuldabréfin") um áform sín um að nýta innköllunarheimild útgefanda skv. skuldabréfunum að fullu á fyrsta innköllunardegi, þann 26. júní 2024. Innköllunarheimildin verður nýtt í samræmi við 18. gr. a skilmála skuldabréfanna (e. Final Terms). Innköllunarverð skuldabréfanna verður 100,00%.

**Frekari upplýsingar veita:**
Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

**MAR Legend**
*Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.*

**Viðhengi**
**Íslandsbanki hf.: Tilkynning um nýtingu innköllunarheimildar til eiganda víkjandi skuldabréfa að fjárhæð SEK 500,000,000, sem telja til eiginfjárþáttar 2 (e. Tier 2) - ISIN: XS2017804548**